



## Umsögn miðstjórnar um tillögu til 45. þings ASÍ.

Átta af aðildarfélögum Starfsgreinasambands Íslands sendu miðstjórn tillögu að ályktun um að Alþýðusamband Íslands myndi eiga frumkvæði að því að gerður verði allsherjarsamningur við íslensku tryggingarfélögin um hagkvæmar heimilis- og ökutækjategyggingar.

Tryggingar eru stór kostnaðarliður heimila og fákeppni á markaði með tryggingar hefur mikil áhrif á hag neytenda. Í tillögu er bent á að tryggingafélög hafi í krafti fákeppni fellt niður og lækkað vildarkjör auk þess að hækka verð á tryggingum umfram launahækkunir.

Miðstjórn ASÍ styður meginefni tillögunnar og þær áherslur sem þar eru settar fram. Mikilvægt er að 45. þing ASÍ taki efnið til umræðu og veiti forystu ASÍ frekari leiðsögn um framhald málsins. Miðstjórn leggur til að málið fari í frekari umræðu í málefnanefnd um efnahag- kjör- og skatta.